

Mál nr. 109/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (X) og (Y).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. apríl 2022.
2. Bréf V1 dags. 11. maí 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 3. júní 2022 ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. og 12. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M segir að hinn 31. júlí 2021 hafi vélhjólíð X spólað upp bílaplan á einkalóð hans á sumarhúsasvæði með þeim afleiðingum að grjót skaust á bifreiðina Y og tjón varð af. Nýlega hafi verið búið að keyra steypumulning í planið og hjól X hafi grafið sig ofan í hann og spýtt honum upp með framangreindum afleiðingum. M tilkynnti atvikið til lögreglu og liggur skýrsla hennar, dags. 3. ágúst 2021, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir honum að hann hafi séð tvo aðila spóla á mól á bílplani við lóð hans og daginn eftir hafi hann séð ákomu á vinstri hlið Y. Þá er haft eftir Z, nágranna M, að barnabarn Z, Þ, hafi ekið krossara inn á lóð í eigu M. Þ sé hins vegar óöruggur ökumaður, fari hægt yfir á hjólinu og hafi verið á um 10 kílómetra hraða á klukkustund er hann beygði inni á lóð M. Þá hafi Z hvorki séð né heyrt Þ yta á bensíngjöfina í beygjunni né hefði hann séð mól spýtt á Y. Er einnig haft eftir Æ, föður Þ, sem var þó ekki vitni að atvikum, að Þ sé óöruggur á hjólinu og snúi því þar af leiðandi hægt svo enginn möguleiki sé á grjótkasti frá því, auk þess sem afturhjól X hafi aldrei snúið að Y. Gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X, en í viðbótarathugasemdum segir hann að ekki sé um einangrað tilvik að ræða heldur hafi fleiri kvartað undan ofsaakstri Þ og Æ um svæðið. Þá segir M að tjónvaldar hafi boðið honum bætur vegna tjónsins að fjárhæð 40.000 kr. en að hann vilji að tjónið sé að fullu bætt úr vátryggingu þeirra.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi X á tjónsdegi, segir að M hafi ekki orðið vitni að tjónsatvikinu sem slíku. Ekkert vitni hafi staðfest að mól hafi spýst á Y af völdum aksturs X um svæðið. Í málskoti komi fram að tjón hafi orðið á Y sökum vélhjóla sem spóluðu upp bílaplan með þeim afleiðingum að grjót skall á Y. Í lýsingu M á atburðum sé ökutækið X ekki tilgreint sérstaklega og ekkert í gögnum málsins gefi tilefni til að ætla að X hafi valdið tjóni á Y. V2, sem er vátryggjandi Y, skilar ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit.

Hvað varðar V2 þá verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að M hafi beint sérstakri kröfu að því félagi né að nokkur ágreiningur sé í raun kominn upp milli M og V2. Kemur þáttur V2 því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á Y megi rekja til aksturs X um svæðið. Af málsgögnum virðist sem ekki sé ágreiningur um það í sjálfu sér að X hafi verið ekið eftir bílplani á lóð M, þar sem bifreiðin Y var einnig staðsett. Ekki verður þó séð að nein vitni hafi orðið að því að tjón varð á Y, eða því grjótkasti sem M telur að hafi leitt til tjónsins. Upplýsingar um tjónið sjálft og mögulegar orsakir tjóns af þessum toga eru einnig af skörum skammti, en af ljósmyndum má þó greina ákomu á vinstra framhorni Y. Það hvílir á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til notkunar X og gegn neitun Z og Æ fyrir hönd Þ og án frekari gagna er sýni fram á hið gagnstæða verður ekki séð að slík sönnun hafi tekist.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir